

Frekjukynslóðin

„68-kynslóðin ætlar með fimm-tugri frekju sinni að halda áfram að valta yfir allar aðrar kynslóðir með nú löngu geldu graðhesta-rokki sínu.“

Hallgrímur Helgason, í DV.

Stuttur vinnutími

„Það er ekki hægt að bjóða mönnum upp á að vinna aðeins 19 daga á ári. Hvað eiga menn að gera hér í Grimsey ef þeir mega ekki stunda sjóinn?“

Jóhannes Henningsson, trillukarl í Grimsey, í Morgunblaðinu.

Enn í pólitíkinni

„Fréttir um pólitískt andlát mitt eru stórlega orðum auknar. Ég er og verð á fullu enda hálfum áratug yngri en Jón Baldvin og því ekki komið að mér enn því enn skortir mig nokkuð á virðuleikann í aldri.“

Svavar Gestsson alþingismaður, um skrif um að hann verði sendi-herra, í Alþýðublaðinu.

Ummæli

Ekki kunnugt um árás

„Mér er ekki kunnugt um neina árás, hvorki úr launsátri né beint í fangið á mér, úr ráðuneyti-inu en ef hún kemur þá tekst ég á við það.“

Hákon Hákonarson, form. stjórn-ar Húsnæðisstofnunar, í DV.

Síðdegisgleðskapur

Utanríkisþjónustan þarf að taka á, en ekki að gleyma sér í síðdegisgleðskap sendiráða.“

Gunnlaugur Þórðarson lögfræð-ingur, í DV.



Ryksugur þóttu fljótt sjálfsgöður hlutur á heimilinu.

Ryksugur

Fyrsta rafmagnsryksugan var fundin upp í Bandaríkjunum 1880. Þetta var stór og belgísk vél og afar óhæg í meðförum. Smíðaðar voru smærri og þjálpi ryksugur og 1910 hannaði Sviinn Eberhardt Seger léttu og handhæga vél til notkunar í heimahúsum. Ryksug-ur urðu skjótt eftirsóttar og þykja nú sjálfsgöðar á hverju heimili.

Saumavél

Árið 1830 fann franskir verk-fræðingurinn Thimonnet upp fyrstu nothæfu saumavélina. Var hún búin öllum þeim einingum sem enn þann dag í dag eru í saumavélum. Fjórðum árum síðar smíðaði Bandaríkjamadurinn Walther Hunt vél með tveimur þráðum og spólum og 1846 bætti Elias Howe nál með auga við þessa vél. Árið 1845 sóttu Thimonnet og félagi hans Magnin um einkaleyfi, að þessu sinni á vél sem tók 200 spor á mínútu og þremur árum síðar um einkaleyfi á vél sem gat saumað lykkjuspor.

Blessuð veröldin

Pressuvél

Fyrstu vélar sem pressuðu fatn-að voru fundnar upp 1883. Þetta voru gríðarstór bákn og voru aðeins notuð í þvottahúsum og fata-hreinsunum. 1926 kom síðan pressutæki á markaðinn sem not-að var til heimilisnota.

Úrkoma á Austurlandi

992 mb lægð vestur af Skotlandi hreyfist lítið og grynntist heldur. Í dag verður austan kald. Rigning verður á Austur- og Suðausturlandi

Veðrið í dag


og lítills háttar rigning sunnanlands. Þar léttir heldur til í kvöld. Annars

staðar verður úrkomulaust en skýj-að með köflum.

Á höfuðborgarsvæðinu verður austangola eða kald og skýjað með köflum. Hiti verður 10 til 15 stig.

Sólarlag í Reykjavík: 0.04
Sólarupprás á morgun: 2.54
Síðdegisflóð í Reykjavík: 17.40
Árdegisflóð á morgun: 5.54

Veðrið



Veðrið kl. 6 í morgun:

Akureyri	skýjað	10
Akurnes	rigning og súld	9
Bolungarvík	skýjað	6
Keflavíkurflugv.	skýjað	10
Kirkjubl.	rigning	9
Raufarhöfn	rigning	4
Reykjavík	skýjað	11
Stórhöfði	súld	8
Helsinki	léttskýjað	16
Kaupmannah.	skýjað	14
Oslo	skýjað	16
Stokkhólmur	skýjað	13
Þórshöfn	rigning	9
Amsterdam	skýjað	14
Barcelona	alskýjað	16
Chicago	þokumóða	15
Frankfurt	skýjað	11
Glasgow	úrcoma í grennd	12
Hamburg	léttskýjað	11
London	rigning	13
Luxemborg	skýjað	12
Malaga	heiðskírt	20
Mallorca	súld á stö. klst.	20
Paris	skýjað	13
New York	rigning	17
Orlando	heiðskírt	25
Nuuk	skýjað	4
Vín	léttskýjað	15
Washington	alskýjað	23
Winnipeg	léttskýjað	16



Sýnishorn úr stærstu íslensku skinnbókinni, Flateyjarbók.

Sögn í sjón

Opnuð hefur verið í Árnasafni sumarsýning handrita og er hún opin daglega kl. 13-17 til ágúst-loka.

Í tilefni af lokum handritaaf-hendingar frá Danmörku verða á sýningunni í sumar ýmsir mestu dýrgripir safnsins sem sjaldan hafa verið sýndir hin síðari ár, þeirra á meðal fyrstu tvö hand-ritin sem hingað bárust 1971, Konungsbók eddukvæða og Flat-eyjarbók. Litprentuð sýningar-skrá er innifalin í aðgangseyri sem er 300 kr. Auk handritanna er myndefni, bækur og textar, sem tengjast handritunum og sögu þeirra, sýnt í anddyri Árna-garðs og í stofu 201, andspænis inngangi í stofnunina. Samheiti sýninganna er Sögn í sjón.

Sýningar

Ásgerður í Nýlistasafninu

Gestur Nýlistasafnsins úr röð-um Félags íslenskra myndlistar-manna í setustofunni er Ásgerður Búadóttir. Hún á að baki langan og litríkan feril sem myndlistarmaður og hefur hald-ið fjölmargar einkasýningar og tekið þátt í viðamiklum samsýn-ingum á löngum listamannsferli. Ásgerður hefur sagt um mynd-list sína að efnioð sé ekki aðalat-riðið heldur hvernig það er not-að til túlkunar hugmynda til myndsköpunar. Ullin er fyrir henni það efni sem olíulitir eru málaranum eða steinninn mynd-höggvaranum. Sýning Ásgerðar Búadóttur stendur til 29. júní.

Bridge

Þessi „skiptingarófreskja“ var meðal spila á bridgehátíð í Rúss-landi í byrjun maímánaðar. Spilið kom fyrir í sveitakeppni á mótinu og olli 19 impa sveiflu. Sagnir gengu þannig í opnum sal, suður gjafari og allir á hættu:

♠ K1094	♥ KG10	♦ K1053	♣ K8
♠ A862	♥ G72	♦ A9532	♣ A9532
♠ A862	♥ G72	♦ A9532	♣ A9532
♠ A862	♥ G72	♦ A9532	♣ A9532

Suður	Vestur	Norður	Austur
4 ♠	pass	pass	4 Grönd
pass	6 ♣	pass	pass

Norður grunaði sist að ekki væri hægt að hnekkja þessum samningi. Í fyrsta lagi átti norður ekkert gott útspil. Jafnvel tígulútspil gerir ekk-ert gagn, sagnhafi setur lítið í blind-um, leggur niður trompásinn, hreinsar upp tígulinn og endaspilar norður á trompáskóng. Sagnir byrj-uðu á sama hátt í lokuðum sal, en norður átti þar snjallan millileik:

Suður	Vestur	Norður	Austur
4 ♠	pass	4 Grönd	pass
5 ♦	pass	5 ♣	pass

Áspurning norðurs klippti a-v út úr sögnum og lítil vandamál voru fyrir sagnhafa að vinna 5 spaða í þessari legu. Ísak Örn Sigurðsson


Hörður Ágústsson borgarlistamaður:

Myndlistin vék fyrir húsagerðarlistinni

„Það er ákaflega gott að fá fjár-stuðning þegar maður stendur í stórræðum eins og ég er að gera með því að skrifa sögu húsagerðarlistar á Íslandi. Því þykir mér vænt um stuðninginn frá Reykjavíkurborg,“ segir Hörður Ágústsson sem á þjóð-hátíðardaginn var útnefndur borgar-listamaður.

Hörður er myndlistarmaður sem á síðari árum hefur eingöngu fengist við rannsóknir á húsagerðarlist Ís-lendinga og skrifað greinar um þessi mál og gefið út bækur. „Í stað þess að skipta deginum í tvennt eins og ég ætlaði mér upphaflega þá hef ég skipt ævi minni í tvennt. Ég ætlaði mér að verða arkitekt og listmálari og byrjaði á arkitektúrnum en stríð-ið kom í veg fyrir að ég kæmist í skóla. Það ætlaði þannig til að ég fór að vinna á arkitektastofu og fór í Myndlista- og handiðaskólann. Við það tók myndlistin yfirhöndina og ég hætti við arkitektúrinn og stund-aði síðan myndlistarnám, mest í París, þar sem ég var í fimm ár. Ég hafði samt alltaf augun opin gagn-vart arkitektúrnum og las mig til um þau mál meðan ég var úti.“

Fljótlega þegar heim var komið fór Hörður að sinna þessu áhuga-máli sínu: „Ég lenti með mönnum sem fóru að gefa út tímaritið Birting



Hörður Ágústsson.

þar sem áttu að vera greinar um all-ar tegundir menningar. Þegar vant-aði einhverjum til að skrifa um bygg-ingarlist bentu allir á mig. Þessi skrif leiddu til þess að ég fór að spyrja mig þeirrar spurningar hvað væri til hér á landi og hvernig það líti út. Þegar ég svo sá auglýsingu

Maður dagsins


frá einhverjum vísindasjóði sótti ég um á þeim forsendum að ég þyrfti að fara út á land til að skoða bygging-ar. Ég fylgdi þessu ekki meira eftir en svo að ég var búinn að gleyma umsókninni þegar mér barst í pósti

Myndgátan

Lausn á gátu nr. 1833:



Laus allra mála



Myndgátan hér að ofan lýsir hvorugkynsorði.